

## VERKEFNI

### STATTU UPP EF ...

Í verkefninu skoða nemendur mismunun og óréttlæti þegar kemur að ólíkum aðstæðum og tækifærum einstaklinga.

### MARKMIÐ

1. Að vekja nemendur til umhugsunar um mismunun og ójafnrétti.
2. Að efla hugmyndaauði og gagnrýna hugsun.
3. Að hlúa að samkennd með þeim sem eru minna farsælir í lífinu
4. Að sýna fram á tengsl persónulegrar reynslu nemenda við mannréttindi

### LENGD

40 MÍNÚTUR

### ALDUR

16 ára og eldri

### UNDIRBÚNINGUR

- Stólar fyrir alla nemendur
- Rólegt umhverfi
- Útprintaðar staðhæfingar fyrir kennara (sjá fylgiskjöli)

## ÞETTA VERKEFNI ER Í EINU SKREFI:

1. Stattu upp ef ... (40 mínútur)

### SKREF 1: STATTU UPP EF ... (40 mínútur)

#### Allur hópurinn (25 mínútur)

- Nemendur setjast og leggja frá sér öll gögn, síma og annað
- Næst er útskýrt fyrir nemendum að lesnar verði upp staðhæfingar og ef þær eiga við þá á viðkomandi að standa upp.
- Áður en upplestur hefst eru nemendur beðnir um að loka augunum í stutta stund og komast í algjöra ró.
- Lesið upp eftirfarandi staðhæfingar, hægt og skýrt. Byrjið setninguna alltaf á „stattu upp ef ...“. Eftir hverja staðhæfingu skal hinkra í 5-10 sekúndur áður en sagt er, „takk fyrir, þið megið setjast aftur“.
- Staðhæfingar má finna í lok þessa skjals.

#### Ígrundun (15 mínútur)

- Eftir æfinguna er tilvalið að nemendur ræði saman í 3-4 manna hópum eftirfarandi spurningar:
  1. Hvernig leið ykkur þegar þið stóðuð upp?
  2. Var einhver munur á líðan ykkar þegar þið stóðuð upp og þegar þið sátuð?
  3. Veltuð þið fyrir ykkur hvenær aðrir stóðu upp þegar þið sátuð kyrr?
  4. Hvað stóð helst upp úr í þessari æfingu?
  5. Var erfitt að svara einhverjum spurninganna?
  6. Hvað lærðir þú af þessari æfingu?
  7. Fyrir þá sem stóðu oftar upp en ekki, hvenær fóruð þið að taka eftir því?
  8. Funduð þið fyrir því á einhverjum tímapunkti að brotið væri á grundvallarmannréttindum ykkar?
  9. Speglar þessi æfing raunveruleikann að einhverju leyti?
  10. Hvað væri hægt að gera í framhaldi af svona æfingu?

# FYLGISKJÖL

## SKREF 1

Prentið út staðhæfingar fyrir kennara til upplestrar.

Stattu upp ef...

- Þú hefur einhvern tímann upplifað að brotið hafi verið á mannréttindum þínum
- Þú hefur einhvern tímann upplifað að þora ekki að segja það sem í brjósti þér býr varðandi mannréttindi af ótta við hvað aðrir gætu sagt eða öðrum gæti fundist um þig
- Þú hefur einhvern tímann hræðst að tala opinskátt um málefni tengd mannréttindum af ótta við ofbeldi, ógnun, hefnd, munnlega niðurlægingu eða árás
- Þú hefur sætt gagnrýni fyrir tengingu við ákveðinn hóp
- Þú hefur sætt gagnrýni frá fjölskyldumeðlimum vegna skoðana eða aðgerða
- Þú hefur sætt gagnrýni frá kennara eða atvinnurekanda vegna skoðana eða aðgerða
- Þú hefur sætt gagnrýni vegna einhvers sem þú umgengst
- Þú hefur einhvern tímann sætt lögregluvarðhaldi eða -handtöku vegna þess að þú varst að vernda mannréttindi
- Þú hefur óttast um öryggi þitt vegna skoðana eða aðgerða
- Þú hefur óttast um öryggi vina þinna eða fjölskyldu vegna þinna/þeirra skoðana eða aðgerða
- Þú hefur upplifað mismunun vegna trúarlegra og stjórnmálaskoðana
- Þú hefur upplifað mismunun vegna kynvitundar, kynhneigðar, aldurs eða þjóðernis
- Þú telur þig vera verndara og verjanda mannréttinda, mannréttindafrömuður
- Þú finnur fyrir virðingu samfélagsins gagnvart tungumálinu þínu, trúarbrögðum og menningu
- Þínar skoðanir á félagslegum og stjórnmálalegum málefnum eru virtar og fólk hlustar á þig
- Þú þarft ekki að óttast að lögreglan stöðvi þig úti á götu. Þú veist hvert þú getur leitað eftir ráðgjöf og aðstoð ef þú þarft á að halda
- Þú hefur aldrei upplifað mismunun vegna uppruna þíns
- Þú hefur aðgang að þeirri félagslegu og heilbrigðisþjónustu sem þú þarft á að halda